


**Reglur Fjarðabyggðar er varða nemendur sem óska eftir
að stunda tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum**

1. Það er markmið Fjarðabyggðar að tónlistarnám fari fram í tónlistarskólum Fjarðabyggðar. Fjarðabyggð stefnir að framboði á fjölbreyttu tónlistarnámi við skólana sem fullnægi þörfum sem flestra bæjarbúa.
2. Nemendur með lögheimili í Fjarðabyggð, sem stunda tónlistarnám utan sveitarfélagsins, geta sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar vegna tónlistarnáms utan lögheimilissveitarfélags.
3. Um niðurgreiðslu námskostnaðar gilda eftirfarandi reglur:
 - Nemandi uppfylli skilyrði 7. gr. reglna í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda. Samkvæmt greininni þarf að uppfylla eftirfarandi:
 - a) Fyrir liggja staðfesting um að námið verði metið til eininga í framhaldsskóla.
 - b) Nemandi stundi tónlistarnám á miðstigi í hljóðfæragreinum eða
 - c) á grunnstigi í söng eða hljóðfæragreinum, þ.e. nemendur sem hafa verið í tónlistarnámi á grunnstigi í eitt skólaár eða lengur eða
 - d) að nemandi sé að hefja nám á grunnstigi í söng.
4. Nemandi skal vera í a.m.k. hálfu námi í tónlistarskóla sem sveitarfélagið viðurkennir og fyrir liggja ásættanleg ástæða þess að námið er stundað utan lögheimilissveitarfélags.
5. Fjarðabyggð styrkir ekki tónlistarnám á háskólastigi.
6. Niðurgreiðslur nema sem samsvarar mismuninum á raunkostnaði við tónlistarnámið og skólagjöldum nemanda.
7. Sækja þarf um niðurgreiðslu skriflega til fræðslustjóra fyrir 1. ágúst ár hvert vegna náms á haustönn og fyrir 1. desember vegna náms á vorönn.
8. Ef beiðni um niðurgreiðslu er samþykkt, óskar fræðslustjóri eftir upplýsingum um ástundun og námsárangur frá viðkomandi tónlistarskóla við lok hvernar annar.

Fjarðabyggð 9. nóvember 2020


Jón Björn Hákonarson
bæjarstjóri

Samþykkt í fræðslunefnd 21. október 2020

Samþykkt í bæjarráði 26. október 2020

Samþykkt í bæjarstjórn 5. nóvember 2020